

Sp.

126. Tillaga til þingsályktunar

[80. mál]

um lán til íbúðabygginga.

Flm.: Jóhann Hafstein, Sigurður Bjarnason, Ragnhildur Helgadóttir,
Kjartan J. Jóhannsson, Gunnar Thoroddsen.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir því, að veðdeild Landsbanka Íslands taki allt að 100 milljón króna erlent lán, sbr. 3. og 5. gr. laga nr. 55/1955, er varið verði til útlána á vegum hins almenna veðlánakerfis til íbúðabygginga.

Jafnframt ályktar Alþingi að fela ríkisstjórninni að veita öðrum aðilum, sem þess kynnu að óska, leyfi eða fyrirgreiðslu til erlendra lántöku til íbúðabygginga, sé um lántökur að ræða með eðlilegum kjörum.

Greinargerð.

Eins og nú standa sakir, er langveigamesta ráðstöfunin til þess að bæta skjótlega úr húsnæðisskortinum að gera þeim mörgu einstaklingum og öðrum aðilum, sem nú eiga hús í smíðum, kleift að ljúka þeim sem fyrst. Til þess að svo megi verða, þarf mikið viðbótarlánsfé fram yfir það, sem varið hefur verið til íbúðabygginga. Sá vandi verður ekki leystur nema með erlendri lántöku í þessu skyni, en jafnframt er þá séð fyrir erlendum gjaldeyri til kaupa á byggingarefni og öðrum nauðsynjum til íbúðabygginga. Þegar lögin um húsnæðismálastjórn, veðlán til íbúðabygginga og útrýmingu heilsuspillandi íbúða voru sett, var veitt heimild til erlendra lántöku og gert ráð fyrir erlendu lánsfé til útlána á vegum hins almenna veðlánakerfis. Bráð nauðsyn er nú á því að hagnýta þessa heimild, og er tillaga þessi því flutt. Jafnframt vísast til tillagna þeirra, sem fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í húsnæðismálastjórn hafa flutt um sama efni.

Fylgiskjal.

Tillögur fulltrúa Sjálfstæðisflokksins í húsnæðismálastjórn:

Við setningu laga nr. 55/1955, um húsnæðismálastjórn o. fl., var tryggt fjármagn til framkvæmda laganna á árunum 1955 og 1956 með samkomulagi, sem fyrrverandi ríkisstjórn gerði við Landsbanka Íslands. Með því að nú liður að lokum þess tímabils, sem samið var fyrir, og alger óvissa ríkir um framhaldið, telur húsnæðismálastjórn brýna nauðsyn bera til, að hafnir séu nú þegar í stað samningar við bankana um ráðstafanir til fjáröflunar vegna húsnæðismálanna framvegis.

Telur húsnæðismálastjórn, að við þá samninga beri að leggja áherzlu á eftirfarandi:

1. Tryggt sé, að minnst 150 millj. kr. verði ráðstafað af sparifé landsmanna til útlána til íbúðabygginga í kaupstöðum og kauptúnum árið 1957.
2. Tekin verði erlend lán að minnsta kosti 100 millj. kr., sem auk framangreinds fjármagns verði varið til útlána til íbúðabygginga 1957 til þess að fullnægja eftirspurninni eftir íbúðalánum og koma í veg fyrir okurlánastarfsemi.
3. Kappkostað verði, að útlán ársins 1957 hefjist strax í ársbyrjun til þess að bæta úr lánsfjárskortinum og stuðla að því, að fokheldar íbúðir megi verða fullgerðar yfir vetrarmánuðina og komist sem fyrst í notkun.